

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum

Ráðstafanir vegna COVID-19

Uppfært 27.01.2021

Í samræmi við opinber tilmæli og til þess að leggja okkar að mörkum til þess að hefta útbreiðslu á COVID-19 mun Tónlistarskólinn á Egilsstöðum gera ýmsar ráðstafanir í kennslu á meðan samkomubann og breytt fyrirkomulag á skólahaldi er í gildi. Eftirfarandi ráðstafanir gilda frá 1. janúar.

Hreinlætis- og sóttvarnarráðstafanir

Tveggja metra reglan gildir á milli allra einstaklinga á menntaskólaaldri og eldri.

Grímuskylda er almenn hjá nemendum á menntaskólaaldri og eldri í kennslu og í sameiginlegum rýmum nema tryggt sé að hægt sé að halda tveggja metra fjarlægð milli einstaklinga.

Nemendur eiga að **þvo sér um hendur** fyrir og eftir hvern tónlistartíma. Spritt er í öllum stofum til sótthreinsunar á höndum.

Nemendur eiga að nota sín eigin **hljóðfæri og útbúnað**, þar með talið gítara, sé þess nokkur kostur. Trommuleikarar koma með sína eigin kjuða. Nemendur koma með eigin skriffæri og námsgögn. Nemendur skulu ekki lána öðrum hljóðfæri sín. Kennarar sjá um að þrifa snertifleti, þar á meðal hljóðfæri og annan búnað sem nemendur nota. Snertifletir eru þrífir á milli ólíkra hópa sem fá kennslu í sama rými. Nemendum sem ekki hlýða fyrirmælum um að snerta ekki óviðkomandi útbúnað eða að halda fjarlægð frá öðrum er vísað úr tíma.

Nemendur Tónlistarskólans koma **inn um aðalinngang** Egilsstaðaskóla utanfrá. Nemendur mega koma beint úr Egilsstaðaskóla.

Starfsmönnum og nemendum sem eru veikir eða hafa fengið tilmæli um að fara í sóttkví er óheimilt að koma í skólann.